

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr.
 - a. 4. másl. a-liðar falli brott.
 - b. B-liður orðist svo: 2. mgr. orðast svo:

Það sama gildir um plöntur, fyrir uppskeru, sbr. lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, fóður, sbr. lög um eftirlit með föðri, áburði og sáðvöru, og lifandi dýr nema þau séu alin til markaðssetningar til manneldis. Lyf, sbr. lyfjalög, eru undanþegin ákvæðum þessara laga. Þó gilda lög þessi um matvæli, þ.m.t. fæðubótarefni, sem innihalda lyf. Tóbak, sbr. lög um tóbaksvarnir, og vímuefni, önnur en áfengi, sbr. lög um ávana- og fíkniefni, eru undanþegin ákvæðum þessara laga.
2. Við 3. gr. Orðin „í viðeigandi stafrófsröð“ í inngangsmálslið falli brott.
3. Við 4. gr. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað „a–e-lið“ í f-lið kemur: a–h-lið.
4. Við 6. gr. Í stað orðanna „ekki stunda starfsemi“ í 5. efnismgr. komi: halda búfé en ekki.
5. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Óheimilt er að flytja til landsins eða markaðssetja matvæli, þ.m.t. fæðubótarefni, sem innihalda lyf samkvæmt skilgreiningu lyfjalaga. Leiki vafi á því hvort einstök efnasambönd teljist lyf sker Lyfjastofnun úr.
6. Við 14. gr.
 - a. Á eftir 1. efnismgr. komi þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Opinberum eftirlitsaðilum er heimilt að fela hver öðrum að annast tiltekin verkefni sem eru á verksviði þessara aðila samkvæmt lögum þessum.

Flutningur verkefna skv. 3. mgr. getur einnig tekið til ákvarðana um þvingunarúrræði og viðurlög skv. 30. gr. og 30. gr. a – 30. gr. d og gjaldtöku fyrir eftirlitið skv. 25. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd framsals á eftirliti.
 - b. Við 2. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Tíðni opinbers eftirlits skal vera regluleg og í réttu hlutfalli við áhættuna, að teknu tilliti til niðurstaðna úr eftirliti og samkvæmt eftirlitsáætlunum.
7. Við 15. gr. Við 4. efnismgr. bætist: og enn fremur um gerð samninga.
8. Við 17. gr.
 - a. 1. másl. 3. efnismgr. orðist svo: Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak eftirlits opinberra eftirlitsaðila og skal hann gefa út gjaldskrá fyrir eftirlit Matvælastofnunar að fengnum tillögum stofnunarinnar.

- b. Á eftir orðinu „gjaldskrá“ í 1. másl. 4. efnismgr. komi: opinberra eftirlitsaðila.
 c. Á eftir orðinu „gjaldskrá“ í 2. másl. 4. efnismgr. komi: Matvælastofnunar.
9. Við 23. gr. 2. efnismgr. a-liðar orðist svo:
 Sama gildir ef um er að ræða starfsemi sem er stunduð án tilskilins leyfis eða tilkynningarskyldu hefur ekki verið sinnt skv. 9. gr.
10. Við 28. gr.
 a. Á eftir orðinu „kröfur“ í 1. másl. 2. efnismgr. komi: samkvæmt lögum.
 b. Í stað orðanna „í matvælaiðnaði“ í 1. másl. 3. efnismgr. komi: sem varða matvæli.
 c. Á eftir orðunum „afurðum úr dýraríkinu“ í 1. másl. 3. efnismgr. komi: sem eru ætlaðar til manneldis.
 d. Í stað orðanna „tryggja sannprófun þess“ í 1. másl. 3. efnismgr. komi: staðfesta.
11. Við 30. gr. Í stað orðanna „1. ágúst 2011“ komi: 1. nóvember 2011. :
12. Við 33. gr.
 a. Á eftir orðinu „dýra“ í 2. másl. 1. efnismgr. komi: sem ekki teljast til úrgangs.
 b. Á eftir orðinu „dýrum“ í 2. efnismgr. komi: sem ekki teljast til úrgangs.
13. Við 38. gr.
 a. Á eftir orðinu „tryggja“ í 1. másl. 1. efnismgr. komi: velferð dýra og.
 b. Orðið „Matvælastofnun“ í 2. mgr. falli brott.
14. Við 39. gr.
 a. Á eftir orðinu „tryggja“ í upphafi 1. másl. komi: velferð dýra og.
 b. Á eftir orðinu „dýralæknaþjónustu“ í 1. másl. komi: svo.
15. Við 40. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
 Ráðherra er heimilt að setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um störf sérgreina-dýralækna.
16. Við 41. gr.
 a. Í stað dagsetningarinnar „1. nóvember 2013“ í 2. efnismgr. komi: 1. janúar 2015.
 b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
 Ráðherra skal setja reglugerð skv. 13. gr. eigi síðar en 1. júlí 2010.
17. Við 70. gr.
 a. Á eftir orðinu „efnainnihald“ í 1. efnismgr. komi: aukefni.
 b. Á eftir orðinu „kröfur“ í 1. másl. 2. efnismgr. komi: samkvæmt lögum.
 c. Í stað orðanna „hollustuhætti í fôðuriðnaði“ í 1. másl. 3. efnismgr. komi: kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fôður.
 d. Í stað orðanna „tryggja sannprófun þess“ í 1. másl. 4. efnismgr. komi: staðfesta.
18. Við 79. gr. Greinin orðist svo:
 Lög þessi öðlast gildi 1. mars 2010 að undanskildum II.–IV. kafla sem öðlast gildi :
 1. nóvember 2011. Þó tekur 43. gr. í IV. kafla gildi 1. mars 2010. 54. og 55. gr. og 9. :
 efnismgr. 63. gr. taka gildi 1. mars 2011 og frá sama tíma falla úr gildi samningar fag- :
 giltra skoðunarstofa við vinnslu- og starfsleyfishafa.